Reykjavík, 30. Aug 1871.

Hæstvirti trygðavinur minn.

Eg skrifæði yður ekki með seinasta póstskipi, en sendi yður þá þó Norðanfara Nr 19–28 incl. og viðaukablað 1. Juli p. á. með koningl. auglýsingu og eitthvað af frumvörpum, sem send höfðu verið alþingi til meðferðar af Stjórninni, en eg gjöri ráðfyrir að þetta hvili sig enn hjá Th. Lind okkar i Khöfn, sem aldrei hefir verið mjög bráður á járnunum með að senda bækur frá sér hvorki hingað út né heldur að likindum suður til yðar.

Nú er þá þessu alþingi lokið, og þó eg hafi sjaldan haft tíma til að hlusta á þingið i sumar, hefi eg tekið svo eptir, að varla muni enn i þetta sinn hafa tekizt að tæla meiri hluta þingmanna, til að fallast á hylli-